



I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Gildissvið

- 1.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. grein laga Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) og samkvæmt International Sporting Code frá FIA. Hún gildir um öll áfrýjunarmál innan vébanda AKÍS nema mál séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum AKÍS.

2. Markmið

- 2.1. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um mögulega áfrýjun úrskurða dómnefnda AKÍS, þar með talið agamál.

3. Lögsaga og hlutverk

- 3.1. Áfrýjunardómstóll AKÍS skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda AKÍS og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Dómstóllinn skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum AKÍS ásamt International Sporting Code. Skulu öll áfrýjunarmál innan vébanda AKÍS rekin fyrir áfrýjunardómstóli AKÍS nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum.
- 3.2. Áfrýjunardómstóll AKÍS úrskurðar í öllum áfrýjunarmálum AKÍS sem upp koma innan akstursíþróttá á Íslandi.
- 3.3. Dómstóllinn tekur ákvörðun um viðurlög vegna brota samkvæmt lögum og reglugerðum AKÍS. Ákvarðanir hans gilda gagnvart aðildarfélögum, keppendum, aðstoðarmönnum, starfsmönnum keppna og öðrum þeim, sem eru innan vébanda AKÍS.
- 3.4. Dómstóllinn hefur aðsetur á skrifstofu AKÍS.

4. Skipan og hæfi

- 4.1. Áfrýjunardómstóll AKÍS skal skipuð fimm dómurum. Formaður og varaformaður skulu vera löglærðir. Skulu þeir kosnir á Ársþingi AKÍS til tveggja ára í senn.
- 4.2. Að lágmarki þarf þrjá til að taka ákvörðun og einn þeirra skal vera formaður eða varaformaður.
- 4.3. Dómari er vanhæfur að fara með mál ef hann er vanhæfur samkvæmt 5. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.
- 4.4. Stjórn AKÍS skal skipa dómara í áfrýjunardómstól til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum vegna vanhæfis þeirra.



II. kafli. MÁLSMEÐFERÐARREGLUR

5. Almennar málsmeðferðarreglur

- 5.1. Áfrýjunardómstóll heldur fundi eftir því sem þarf. Formaður boðar til fundar.
- 5.2. Áfrýjunardómstóllinn getur í öllum málum óskað eftir skriflegum athugasemdum frá AKÍS eða öðrum þeim er málið getur varðað.
- 5.3. Aðila máls fyrir áfrýjunardómstól er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir dómstólnum. Telji áfrýjunardómstóllinn að hætta sé á að málsstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hans tilkynnt slíkt til framkvæmdastjóra AKÍS sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

6. Áfrýjun

- 6.1. Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við, hefur rétt til að leggja fram áfrýjun til áfrýjunardómstóls AKÍS. Aðila sem hefur áfrýjunarrétt er heimilt að beina þeirri kröfu til dómstólsins að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins.

Áfrýjanir skulu sendar í pósti til skrifstofu AKÍS eða á póstfangið afryjun@akis.is

- 6.2. Áfrýjun til dómstólsins skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast dómstólnum ásamt fylgigögnum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
 - 6.2.1. Nafn áfrýjanda, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
 - 6.2.2. Nafn gagnaðila, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
 - 6.2.3. Skýr kröfugerð.
 - 6.2.4. Lýsing helstu málavaxta.
 - 6.2.5. Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
 - 6.2.6. Lýsing á helstu röksemdum.
 - 6.2.7. Lýsing á helstu gögnum er fylgja áfrýjun.
 - 6.2.8. Upptalning á vitnum, sem áfrýjandi óskar að kalla til skýrslutöku.
- 6.3. Mál telst höfðað þegar áfrýjun berst skrifstofu AKÍS og staðfestingu á móttöku hefur verið gefin út. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður dómstólsins taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar séu á áfrýjun sem varði frávísun með úrskurði.

Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi áfrýjunardómstóls AKÍS til efnislegrar meðferðar.



Reglugerð um áfrýjunardómstól AKÍS

- 6.4. Dómstóllinn skal senda gagnaðila án tafar og með sannanlegum hætti áfrýjun og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Gagnaðila skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 6.2., eftir því sem við getur átt.
- 6.5. Þegar öll gögn málsins hafa borist dómstólnum skal dómstóllinn taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómstólnum eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.
- 6.6. Telji dómsformaður augljóst við skoðun á máli, að brotið hafi verið gegn lögum og eða reglugerðum AKÍS, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslaugar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafar.

7. Frestir

- 7.1. Mál skulu berast áfrýjunardómstóli AKÍS innan fimm virkra daga frá því að úrskurður dómnefndar er birtur.

Berist áfrýjun eftir að tímamörk eru liðin vísar dómstóllinn áfrýjuninni frá.
- 7.2. Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstóllinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst áfrýjanda og almennir frídagar skulu ekki telja með.
- 7.3. Áfrýjunardómstóll AKÍS getur ákveðið að mál sé tekið til meðferðar eftir að frestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

III. kafli. ÚRSKURÐIR ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLS

8. Uppkvaðning úrskurða og gildistaka

- 8.1. Úrskurðir dómstólsins skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til dóms. Leitast skal við að kveða upp dóm innan viku frá því að málið var tekið til dóms.
- 8.2. Dómar áfrýjunardómstóls skulu almennt taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í dómsorði.



Reglugerð um áfrýjunardómstól AKÍS

9. Efni úrskurða

- 9.1. Dómar áfrýjunardómstóls skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:
 - 9.1.1. Hverjir séu aðilar máls.
 - 9.1.2. Kröfugerð og málavaxtalýsing.
 - 9.1.3. Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
 - 9.1.4. Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
 - 9.1.5. Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
 - 9.1.6. Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.
- 9.2. Dómar skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

10. Birting úrskurða

- 10.1. Dómstóllinn sendir málsaðilum staðfest endurrit dóma jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti eða bréfi. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts eða bréfs hvílir alfarið á móttakanda.
- 10.2. Dómur dómstólsins skal einnig birtur á heimasíðu AKÍS strax eftir uppkvaðningu hans.

IV. kafli. VIÐURLÖG OG REFSINGAR

11. Viðurlög í kærumálum

- 11.1. Áfrýjunardómstóll AKÍS getur í dómsorði auk efnisniðurstöðu meðal annars kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:
 - 11.1.1. Dæmt keppni ógilda, látið endurtaka keppnina eða dæmt um úrslit hennar.
 - 11.1.2. Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan akstursípróttá á Íslandi (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
 - 11.1.3. Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan akstursípróttá á Íslandi, um stundarsakir eða ævilangt.
 - 11.1.4. Dæmt aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji dómstóllinn málsgrundvöllinn tilefnislausan.
- 11.2. Dómstóllinn getur beitt eftirfarandi viðurlögum einum sér eða saman:
 - 11.2.1. Áminning
 - 11.2.2. Ávítur
 - 11.2.3. Ákvarðað dagsektir sem renna til AKÍS.
 - 11.2.4. Ákveðið sektir sem renna til AKÍS.



Reglugerð um áfrýjunardómstól AKÍS

- 11.2.5. Keppnisbann. Sá sem tekur út keppnisbann og mætir á keppnisstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir keppni og þar til dómnefnd hefur lokið störfum að keppni lokinni.
- 11.2.6. Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir AKÍS tiltaka og heimila.

V. kafli. ÁFRÝJUN

12. Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ

- 12.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls AKÍS, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum.

13. Endanleg niðurstaða

- 13.1. Dómur áfrýjunardómstóls AKÍS um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem úrskurðað hefur verið um af áfrýjunardómstóli AKÍS, ekki til almennra dómstóla.

VI. kafli. ÝMIS ÁKVÆÐI

19. Önnur ákvæði

- 19.1. Áfrýjunardómstóll AKÍS má setja sér nánari starfsreglur sem stjórn AKÍS samþykkir.

Samþykkt á ársþingi AKÍS 18. mars 2017 með síðari breytingum.